

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Grundartanga, Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 9. október 2018 í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 breytingu á deiliskipulagi á iðnaðar- og hafnarsvæði vestursvæðis, Grundartanga.

Breytingin felur í sér útvíkkun á losunarsvæði núverandi flæðigryfju, sameiningu lóða, lagfæringu á númeraröð við Klafastaðaveg og einnig staðsetningu spennistöðvar við Klafastaðaveg.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar 18. janúar 2019,

Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og umhverfisfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 1. febrúar 2019